



Ársskýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 2020





Ársskýrsla ferðamála, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík
Sími: 545 9700 | anr@anr.is

Júní 2021

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
Umsjón: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
Starfsemi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á árinu 2020	6
Tölfræði um starfsemi ráðuneytisins 2020	7
Viðspyrnuaðgerðir vegna heimsfaraldur	8
Samantekt um starfsemi ráðuneytis	10
Rekstur og fjárfestingar	14
Rekstrargjöld og fjárfestingar 2020	15
Málefnasvið	16
Málaflokkar	19
Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna	19
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn	29
Fréttaránnáll 2020	30



Ávarp ráðherra

Árið 2020 var óvenjulegt og óhjákvæmilegt að þess verði lengi minnst fyrir heimsfaraldurinn sem braust út á fyrstu mánuðum þess. Faraldurinn fól í sér miklar áskoranir fyrir stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklinga. Höfuðmarkmið og áherslur stjórnvalda breyttust að sjálfsögðu með faraldrinum og lutu að því að lágmarka bæði heilsufarslegt og efnahagslegt tjón.

Ferðapjónusta lamaðist vegna faraldursins. Höfuðmarkmið ráðuneytisins gagnvart þessari stærstu útflutningsgrein þjóðarinnar fólust í mótvægisáðgerðum í þágu fyrirtækjanna – sumum sértækum en flestum almennum – ásamt því að leggja strax drög að kröftugri viðspyrnu um leið og aðstæður myndu leyfa. Skömmu eftir að faraldurinn braust út var þannig byrjað að leggja drög að stærstu markaðsherferð í þágu íslenskrar ferðapjónustu sem dæmi eru um. Jafnframt var stutt við innlenda hluta ferðapjónustunnar með Ferðagjöf, mikilvægar ráðstafanir og kerfisbreytingar gerðar í þágu ferðaskrifstofa og framlög aukin í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Efling nýsköpunar var annað höfuðmarkmið ráðuneytisins á árinu. Stórir og merkir áfangar náðust á því sviði, sumir til mótvægis við afleiðingar heimsfaraldurs en aðrir til lengri framtíðar. Sprotta- og nýsköpunarsjóðurinn Kría var settur á laggirnar með 1,3 milljarða króna stofnframlagi, sem eflir starfsemi vísisjóða og þar með fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja. Frumvarp um endurskoðun

stofnanaumhverfis nýsköpunar var lagt fram, sem fól í sér aukna áherslu á tækni- og frumkvöðlasetur, að NMÍ yrði lögð niður og hluti verkefna hennar færður annað. Hlutfall endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar var hækkað og þak á greiðslum til einstakra aðila sömuleiðis hækkað. Framlög í Tækniþróunarsjóð voru aukin um 700 milljónir og umsóknarferlinu flýtt. Nýr sjóður, Stuðnings-Kría, var stofnaður og veitti nýsköpunarfyrirtækjum alls 755 milljónir í mótframlagslán. Þessar aðgerðir og fleiri endurspeglar afgerandi áherslu stjórnvalda á nýsköpun og ljóst er að markmið ársins hvað það varðar náðust fram.

Í orkumálum urðu líka mikil tímamót því að lokið var verið gerð Orkustefnu fyrir Ísland í þverpólítísku samstarfi. Gerð hennar var eitt af höfuðmarkmiðum stjórnvalda á kjörtímabilinu og því stór áfangi. Orkustefnan felur í sér skýra framtíðarsýn til ársins 2050 með tólf meginmarkmiðum. Þar ber einna hæst að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti. Þá var ákveðið á árinu að flýta mjög verulega fyrir jarðstregjavæðingu og þrífösun í dreifkerfi raforku og styrkja flutningskerfið með átaki í kjölfar veikleika sem birtust þegar fárviðri gekk yfir landið. Auknum fjármunum var einnig varið úr Orkusjóði til orkuskipta. Þá var kynnt tímamótaúttekt alþjóðlegs fyrirtækis (Fraunhofer) á samkeppnishæfni orkuverðs til stóriðju og strax hafist handa við að greina tækifæri til umbóta sem fram komu í skýrslunni.

Fleiri mikilvæg markmið mætti nefna hér, til að mynda einföldun regluverks, en í því augnamiði var unnin viðamikil úttekt í samstarfi við OECD um tækifæri til minni reglubyrði og aukinnar samkeppnishæfni í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Hafist var handa við fyrstu skref í innleiðingu þeirra tillagna og mikilvægt að fylgja þeim eftir og greina einnig fleiri svið samfélagsins, því að þarna eru mikil tækifæri til að auka verðmætasköpun og efla samkeppni, neytendum til hagsbóta.

Framangreindar aðgerðir og fleiri gera að verkum að ársins 2020 verður ekki eingöngu minnst fyrir heimsfaraldur heldur einnig mikilvæg framfaraskref, kerfisbreytinga og aðgerðir sem stuðla að aukinni nýsköpun, verðmætasköpun og sjálfbærni Íslands til langrar framtíðar.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



**Starfsemi atvinnuvega- og nýsköpunar-
ráðuneytisins á árinu 2020**

Tölfræði um starfsemi ráðuneytisins 2020

60.317

ný mál í málaskrá

27.890

tölvupóstar

39.250

ný skjöl í málaskrá

42

mál í Samráðsgátt

*Tölurnar eru sameiginlegar fyrir allt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Viðspyrnuaðgerðir vegna heimsfaraldur

Heildarfjárhæð hvers aðgerðarpakka



Ferðagjöf

1.500.000.000

- Allir íbúar á Íslandi 18 ára og eldri fengu 5000 kr ferðagjöf sem var fjárhagslegur hvati til að njóta íslenskrar ferðaþjónustu. 1,5 ma. kr. framlag frá stjórnvöldum.



Alþjóðlegt markaðsátak

1.500.000.000

- 1,5 ma. kr. var veitt í markaðsátak fyrir Ísland sem áfangastað. Undirbúið strax og hrint í framkvæmd þegar flugsamgöngur opnuðust aftur.



Gistináttagjald

1.600.000.000

- Gistináttagjald var fellt niður til ársloka 2021 og gjalddögum frestað. Lækkun álagningar á gististaði áætluð 1,6 ma. kr. á tímabilinu.



Aukin framlög til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

200.000.000

- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða úthlutaði 200 m. kr. aukalega.



Sprotta og nýsköpunarsjóðurinn Kría

1.300.000.000

- Sprotta og nýsköpunarsjóðurinn Kría var settur á laggirnar og framlögum í sjóðinn flýtt. 1.300 m. kr. veitt til stofnunar sjóðsins.



Fjárfestingar lífeyrissjóða í Vísisjóðum

35%

- Heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í vísisjóðum hækkuð í 35%.

Heildarfjárhæð hvers aðgerðarpakka

**Framlög til endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði aukin****3.200.000.000**

- Framlög aukin um 3.200 m. kr.
- Hlutfall endurgreiðslu verði hækkað úr 20% í 25%
- Heildarþak á greiðslur til einstakra aðila fór úr 600 til 900 m. kr.

**Aukin framlög í tækniþróunarsjóð****700.000.000**

- Tækniþróunarsjóður eflður um 700 m.kr og ferli umsókna flýtt.

**Stuðnings- Kría****755.000.000**

- 26 nýsköpunarfyrirtæki fengu lán frá Stuðnings – Kríu. Alls var 755 m. kr. varið í fjárfestingar frá Stuðnings - Kríu í formi mótframlagslána.

**Nýskapandi lausnir í heilbrigðis- og velferðarþjónustu****150.000.000****Orkuskipti í samgöngum og átak í bindingu kolefnis****500.000.000****Hönnunarsjóður****50.000.000**

- Hönnunarsjóður úthlutaði 50 m. kr. í aukaúthlutun sjóðsins til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs.

**Kvikmyndasjóður Íslands****120.000.000**

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Fagskrifstofur ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra eru tvær; skrifstofa orku, iðnaðar og viðskiptamála og skrifstofa ferðamála og nýsköpunar. Hlutverk fagskrifstofanna er að sjá til þess að ávallt sé faglega unnið að undirbúningi mála og að þekking starfsmanna sé nýtt og henni viðhaldið. Fagskrifstofurnar bera ábyrgð á lagamma og regluverki þeirra málaflokka sem eru á þeirra forræði, í samræmi við stofnanir ráðuneytissins. Stofnanir ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra eru sex talsins.


Á árinu var unnið að fjölbreyttum verkefnum til stuðnings nýsköpunar í takti við nýsköpunarstefnu stjórnvalda og markmiðum þar að lútandi. Covid-19 heimsfaraldurinn knúði á um hraðari innleiðingu nokkurra þeirra aðgerða sem þegar voru á stefnuskrá. Í aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldursins var að lögð sérstök áhersla á að efla nýsköpun og tryggja rekstrargrundvöll sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Frumvarp um Kríu sprota- og nýsköpunarsjóð var samþykkt á vörþingi og reglugerð þess efnis á haustþingi.

Frumvarp um Stuðnings-Kríu var einnig samþykkt á vörþingi og úrræði komst til framkvæmda um mitt árið. Stóraukin framlög voru í Tækniþróunarsjóð og skattafrádrátt vegna R&D og heimild lífeyrisjóða til fjárfestinga í vísisjóðum hækkuð í 35%. Unnið var að endurskoðun stofnanaumhverfis nýsköpunar í þeim tilgangi að samræma

opinberan stuðning við þarfir nýrra tíma. Stærsta verkefnið á því sviði var endurskoðun á starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, en frumvarp var um opinberan stuðning við nýsköpun sem fól m.a. í sér niðurlagningu á NMÍ og framhaldi tiltekinna verkefna undir öðru rekstrarformi. Í þeirri endurskipulagningu felst m.a. aukin áhersla á tækni- og frumkvöðlasetur á sviði hátækni og aukin stuðningur við nýsköpun og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni. Nokkur verkefni NMÍ voru flutt á aðrar stofnanir í þágu aukinnar samþættingar.

Fjölbreytt verkefni voru unnin á sviði **ferðamála** á árinu 2020. Þar má nefna Fyrirmyndaráfangastaði (Vörðu), þjónustusamning til fimm ára við Íslandsstofu, framsetningu Jafnvægisáss ferðamála og samkeppnismat OECD. Heimsfaraldur COVID-19, sem hafði gríðarleg áhrif á ferðaþjónustu hérlendis sem annars staðar, gerði það að verkum að nokkrum af þeim verkefnum sem stóð til að vinna á árinu var frestað um óákveðinn tíma en á móti var ráðist í önnur verkefni til að bregðast við stöðunni í greininni. Þar má nefna Ferðagjöf sem studdi við íslenska ferðaþjónustu með því að gefa öllum einstaklingum yfir 18 ára aldri með íslenska kennitölu 5.000 kr. inneign til nota hjá ferðaþjónustuaðilum. Þá var settur á fót Ferðaábyrgðasjóður sem veitti ferðaskrifstofum lán auk þess að farið var í markaðsátakið Saman í sókn.

Á sviði **orkumála** var á árinu 2020 lokið við gerð langtímaorkustefnu og kynnti ráðherra orkustefnu í október 2020. Orkustefnan felur í sér skýra framtíðarsýn til 2050 með tólf meginmarkmið og fylgir henni ítarleg aðgerðaráætlun. Var hún lögð fram á Alþingi í byrjun árs 2021.



Í lok árs 2020 voru gerðar breytingar á lögum um jöfnun dreifikostnaðar raforku, auk sérstaks framlags í fjárlögum, sem kveður á um verulega hækkun á framlagi til jöfnunar á dreifikostnaði raforku. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um jöfnun.

Á árinu voru samþykkt sér lög um Orkusjóð og auknum fjármunum veitt til sjóðsins til verkefna á sviði orkuskipta. Auglýsti Orkusjóður í tvígang styrki til orkuskipta á árinu, alls um 400 m.kr. Á árinu var ákveðið, í fjármálaáætlun 2021-2025, að verja 500 m.kr. úr ríkissjóði í að flýta fyrir jarðstrengjavæðingu og þrífösun dreifikerfis raforku. Er það í samræmi við tillögur áttakshóps ríkisstjórnarinnar um úrbætur í innviðum sem kynntar voru í febrúar 2020 í kjölfar þess fávíðris sem gekk yfir landið.

Árið 2020 var kynnt skýrsla Fraunhofer sem ráðuneytið lét vinna um samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi með tilliti til raforkukostnaðar. Ekki hefur áður verið gerð sambærileg óháð úttekt á samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi, byggð á aðgangi að trúnaðarupplýsingum um raunverulegt orkuverð í orkusölusamningum. Í framhaldi af henni vann Deloitte skýrslu fyrir ráðuneytið og á grundvelli hennar var unnið frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum sem lagt var fram á Alþingi í byrjun árs 2021.

Á sviði **samkeppnismála** var unnið að framkvæmd samkeppnismats í samvinnu við OECD á regluverki ferðapjónustu og byggingarstarfsemi en verkefnið hófst á árinu 2019. Í nóvember 2020 kom út loka-

skýrsla OECD þar sem niðurstöður greiningarinnar voru kynntar. Helstu niðurstöður voru þær að töluvert er um óþarfa reglubyrði á sviði byggingarmála og að draga megí úr ýmsum aðgangshindrunum að þeim mörkuðum sem og að draga úr lögverndun starfa. Jafnframt má víða í regluverkinu einfalda leyfisveitingaferla sem draga myndi úr kostnaði fyrir atvinnulífið og efla samkeppni.

Á árinu framkvæmdi Samkeppniseftirlitið könnun á þekkingu og viðhorfi stjórnenda íslenskra fyrirtækja samkeppnismála þar sem fram kom að 4 af hverjum 10 stjórnendum þekkja nokkuð vel helstu meginreglur samkeppnisréttar um bann við ólögsmætu samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þá voru jafnframt gerðar breytingar á samkeppnislögum með samþykkt Alþingis á frumvarpi ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sem fól m.a. í sér breytingar á málsmeðferð samrunamála og innleiðingu sjálfsmatskerfi fyrir samstarf fyrirtækja á markaði. Markmið frumvarpsins var að einfalda framkvæmd laganna og auka skilvirkni í starfsemi eftirlitsins og atvinnulífsins.

Á sviði neytendamála var á árinu 2020 helst unnið að endurskoðun á stjórnsýslu neytendamála og eftirlitsstarfsemi Neytendastofu. Í mars 2020 voru samþykkt lög um breytingu á markaðssetningarlögum og fleiri lögum á sviði neytendaverndar. Með lögum var kveðið á um samstarf eftirlitsstofnana á sviði neytendaverndar og þeim veittar auknar heimildir til rannsókna og framfylgdar til að uppfylla skilyrði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)

2017/2394. Með lögum var einnig kveðið á um breytt hlutverk Neytendastofu, forgangsröðunarheimild og meginreglu um sátttaumleitan í eftirlitsstarfi stofnunarinnar að norrænni fyrirmynd.

Á árinu var jafnframt unnið að endurskoðun laga um Neytendastofu. Í desember 2020 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu og fleiri lögum og lagt til að verkefni stofnunarinnar á sviði mælifræði og vöruöryggi yrðu færð til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi í mars 2021. Í desember 2020 var einnig lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Frumvarpið var lagt fram til að einfalda fyrirkomulag nokkurra úrskurðarnefnda. Lögin voru samþykkt sem lög frá Alþingi og með þeim lagðar niður úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum auk þess sem eftirlitsnefnd fasteignasala fer ekki lengur með úrlausn einkaréttarlegs ágreinings neytenda við fasteignasala. Gert er ráð fyrir að frjálsir viðurkenndir úrskurðaraðilar á vegum starfsgreinasamtaka og neytendasamtaka geti tekið við verkefnum.

Í október 2020 var auk þess lagt fram frumvarp til nýrra heildarlaga um viðskiptaleyndarmál sem var samþykkt sem lög frá Alþingi í desember 2020.



Rekstur og fjárfestingar

Rekstur og fjárfestingar

Verkefni á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra tilheyra fjórum málefnasviðum. Ráðherra fer einn með forræði tveggja málefnasviða, þ.e. **14** Ferðapjónusta og **15** Orkumál, en að hluta til með forræði málefnasviðs **7** Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar og málefnasviðs **16** Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar.

Raunútgjöld verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 21.176,2 m.kr. árið 2020 en á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.

Raunútgjöld málefnasviðs **7** Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar námu 11.387,3 m.kr. á árinu 2020. Undir málefnasviðið falla ýmis verkefni og samningar í nýsköpun og atvinnuþróun.

Raunútgjöld á málefnasviði **14** Ferðapjónusta námu um 4.330,8 m.kr. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd rannsóknum, þróun og nýsköpun innan ferðapjónustunnar.


Raunútgjöld málefnasviðs **15** Orkumál námu um 4.448,9 m.kr. Undir málefnasviðið heyra ýmis verkefni og samningar í orkumálum.

Raunútgjöld málefnasviðs **16** Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar námu 1.009,3 m.kr. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd viðskiptamálum og neytendamálum.

Rekstrargjöld og fjárfestingar 2020

Raun útgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



Mynd 1. skipting útgjalda eftir málefnasviðum

Málefнасvið

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra námu 21.176,2 m.kr. en gert var ráð fyrir því að til ráðstöfunar yrðu 22.577,9 m.kr.¹ Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.

Tafla 1. Rekstur málefnasviða og málaflokka

Málaflokkar - rekstur	Raunútgjöld	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	11.387,3	12.254,1	866,8	7,1%	127,0	993,8	8,0%
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	2.963,0	2.987,6	24,6	0,8%	65,0	89,5	2,9%
0720 - Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	8.424,3	9.266,5	842,2	9,1%	62,0	904,2	9,7%
14 Ferðaþjónusta	4.330,8	5.022,1	691,4	13,8%	757,1	1.448,5	25,1%
1410 - Stjórnun ferðamála	4.330,8	5.022,1	691,4	13,8%	757,1	1.448,5	25,1%
15 Orkumál	4.448,9	4.323,4	-125,5	-2,9%	43,6	-81,9	-1,9%
1510 - Stjórnun og þróun orkumála	4.448,9	4.323,4	-125,5	-2,9%	43,6	-81,9	-1,9%
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála	1.009,3	978,3	-31,0	-3,2%	48,2	17,2	1,7%
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	776,4	758,5	-17,9	-2,4%	48,8	30,8	3,8%
1620 - Stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar	232,9	219,8	-13,1	-6,0%	-0,5	-13,6	-6,2%
Samtals	21.176,2	22.577,9	1.401,7	6,2%	975,9	2.377,6	10,1%

Fjárhæðir í milljónum króna

¹ Fjárlög, fjárukaög, yfirflutt árslokastaða, millifærslur innan málaflokks og úr almennum varasjóði.

7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Málefnasvið 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar skiptist í 7.1 Vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknum og 7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar. Sá hluti málaflokks 7.1 sem er á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lýtur að framlögum til Tækniþróunarsjóðs en málaflokkur 7.2 heyrir allur undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Málefnasviðinu tilheyra tvær stofnanir, Hugverkastofan og Nýsköpunarmiðstöð Íslands ásamt starfsemi Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunar-sjóðs atvinnulífsins.

Til ráðstöfunar voru 12.254,1 m.kr. á árinu 2020 að viðbætti óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 127 m.kr., rekstrargjöld námu 11.387,3 m.kr. og uppsafnað frávik því 993,8 m.kr. Frávikið skýrist að mestu leiti af ónýttu fé vegna aukinna fjárveitinga á árinu til einstakra liða. Þannig var afgangur hjá Tækniþróunarsjóði 89,5 m.kr. en hann fékk aukalega 700 m.kr. fjárveitingu á árinu. Afgangur af endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar nam 379 m.kr. en liðurinn fékk aukafjárveitingu upp á 2.120 m.kr. á árinu. Afgangur af stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki nam 180 m.kr. en sá liður fékk 1.251,4 m.kr. aukafjárveitingu á árinu. Afgangur af rekstri Kríu nýsköpunarsjóði nam 150 m.kr. þar sem starfsemi hans hófst ekki fyrr en á árinu 2021. Loks var 124 m.kr. afgangi af safnliðnum Nýsköpun og atvinnuþróun. Frávik annara liða var minna.

14 Ferðaþjónusta

Málefnasvið 14 Ferðaþjónusta nær m.a. yfir styrkveitingar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sem og framlög til ýmissa samninga og verkefna tengd rannsóknum, þróun og nýsköpun innan

ferðaþjónustunnar. Til málefnasviðsins heyrir ein stofnun, Ferðamálastofa, auk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Flugþróunarsjóðs. Til ráðstöfunar voru 5.022,1 m.kr. á árinu 2020 að viðbætti óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 757,1 m.kr., rekstrargjöld námu 4.330,8 m.kr. og uppsafnað frávik því 1.448,5 m.kr. Frávikið skýrist af 687 m.kr. afgangi af ferðagjöfnum og 600 m.kr. afgangi af markaðs og kynningarmálum erlendis en þessir liður fengu alls 3.000 m.kr. í fjárukalögum á árinu vegna Covid. Auk þess var 562,2 m.kr. afgangur af safnliði ferðaþjónustunnar, Ýmis ferðamál en þar undir er meðal annars Flugþróunarsjóður.

15 Orkumál

Málefnasvið 15 Orkumál nær m.a. yfir flutning og dreifingu raforku, raforkumarkaði, niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, orkuskipti, nýtingu auðlinda í jörðu og á hafsbóttni, hitaveitur, orkuöryggi, visthönnun vöru og orkumerkingar. Undir málefnasviðið fellur ein stofnun, Orkustofnun, auk þess sem Orkusjóður tilheyrir málefnasviðinu ásamt ýmsum samningum og verkefnum, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Til ráðstöfunar voru alls 4.323,4 m.kr. á árinu 2020 að viðbætti óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 43,6 m.kr., rekstrargjöld námu 4.448,9 m.kr. og uppsafnað frávik því -81,9 m.kr. Frávikið skýrist af því útgjöld vegna Covid - 19 verkefna, 120 m.kr., voru skráð á rekstrar-tilfærslur en ekki sem fjárfestingarframlag og því var hagræna skiptingin röng, á móti þessu fráviki er ónýtt fjárfestingarframlag sem verður leiðrétt 2021. Auk þess var afgangur var af rekstri Orkustofnunar 73,4 m.kr.



16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Málefnasvið 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnu- mála og nýsköpunar nær til aðkomu ríkisins að atvinnugreinum landsins. Meginviðfangsefni málefnasviðsins er alþjóðleg samkeppnis- hæfni atvinnulífs sem byggist á efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu jafnvægi ásamt því að leggja grunn að skilvirkri stjórnsýslu atvinnumála og vandaðri áætlanagerð til lengri tíma. Undir málefnasviðið falla tvær stofnanir, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa, auk þess sem starfsemi Hönnunarsjóðs heyrir undir málefnasviðið.

Til ráðstöfunar voru alls 978,3 m.kr. á árinu 2020 viðbættri óráð- stafaðri fjárheimild frá fyrra ári 48,2 m.kr., rekstrargjöld námu 1.009,3 m.kr. og uppsafnað frávík því 17,2 m.kr. Frávikið skýrist af afgangi af rekstri Neytendastofu 29,2 m.kr. og Samkeppniseftir- litsins 13,6 m.kr. en á móti var halli af safnliðnum 04-190 Ýmis verkefni 33,6 m.kr. Sem rekja má til meiri umsvifa áfrýjunnar og kæruneftnda en gert var ráð fyrir ásamt öðrum tilfallandi kostnaði.

Sett voru fram 11 markmið á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 og til að styðja við þau markmið voru 25 aðgerðir skilgreindar fyrir árið 2020. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.

Sett voru fram 10 markmið á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 og til að styðja við þau markmið voru 17 aðgerðir skilgreindar. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.

Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar	● 1			● 2		3
15.1 Stjórnun og þróun orkumála	● 1	● 3	● 2			6
14.1 Ferðaþjónusta			● 1	● 3		4
7.2 Nýsköpun og markaðsmál	● 1	● 2	● 1			4
Samtals aðgerðir	● 0	● 1	● 2	● 6	● 8	17

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Málaflokkar

Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hverrar aðgerðar, sbr. meðfylgjandi töflu:

- **Aðgerð lokið**
- **Aðgerð vel á veg komin**
- **Aðgerð hafin**
- **Undirbúningur hafinn**
- **Aðgerð ekki hafin**



07.10 Samkeppnissjóðir í rannsóknum

Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður er samkeppnissjóður sem starfræktur er samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Hlutverk hans er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Árið 2020 veitti Tækniþróunarsjóður styrki til 128 nýrra verkefna í þremur styrkjaflokkum upp á samtals 1.250 m.kr. en alls bárust 83 umsóknir í sjóðinn. Þá var jafnframt gengið frá samningum við framhaldsverkefni og verkefni sem valin voru í alþjóðlegu samstarfi eins og Eurostars, Geothermica o.fl. Heildarupphæð samning á árinu var 2.860 m.kr.

07.20 Nýsköpun og markaðsmál

Undir málaflokkinn falla ýmis verkefni tengd iðnaði og nýsköpun, s.s. endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritun tónlistar. Meðal stofnana sem falla undir málaflokkinn, Hugverkastofan og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Markmið málaflokksins miða að því að leggja grunn að aukinni nýsköpun og framþróun þekkingar og tækni innan atvinnugreina og hjá stjórnvöldum.

Markmið 1: Bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu og aukin útflutningsverðmæti á grunni þekkingar og nýsköpunar

Mælikvarðar

WEF² skýrsla um samkeppnishæfni 137 ríkja.

Aukin útflutningsverðmæti á sviði tækni- og hugverkaiðnaðar.

Markmið 1 varðar áskorun stjórnvalda um að stuðla að auknum útflutningsverðmætum og samkeppnishæfni atvinnulífs, m.a. í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar. Í þessu ljósi hafa skatta endurgreiðslur til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar verið auknar til muna og framlög aukin í samkeppnissjóði. Þá var fjármagni beint í nýjan sjóð, Kríu, í þeim tilgangi að auka aðgengi sprotafyrirtækja að fjármagni á fyrstu stigum og efla umhverfi fjárfestingasjóða hér á landi. Lögð hefur verið áhersla á aukið samstarf milli háskóla og atvinnulífs og aukið alþjóðlegt samstarf í rannsóknum og nýsköpun. Skv. tölum frá Hagstofu hefur útflutningsverðmæti vegna tækni- og hugverkaiðnaðar aukist frá árinu 2018 og heildar útgjöld til R&D fóru í 2.35% árið 2019, sem er mikil aukning frá fyrri árum.

Markmið 2: Aukin hagnýting tæknilausna í þágu loftslagsmála

Mælikvarði

Aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum, sjávarútvegi og skyldri starfsemi

Markmiðið felur í sér að stjórnvöld stuðli að þróun hagnýtra lausna sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda, auk annarra neikvæðra umhverfisáhrifa, þvert á atvinnugreinar í samræmi við skuldbindingar Parísarsáttmálans. Áhersla er lögð á stuðning við sprota og frumkvöðla á sviði grænna tæknilausna og aukna nýsköpun í bæði sjávarútvegi og landbúnaði, m.a. með stofnun Matvælasjóðs. Aukning hagnýting tæknilausna í þágu loftslagsmála, m.a. með auknum stuðningi við orkuskipti hafa skilað sér í því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi jókst úr 8% í 9,2% milli árana 2018 og 20219 og um 85% af allri orku sem notuð er á Íslandi er framleidd á endurvinnanlegan hátt (<https://www.samorka.is/category/efnahagsmal/>)

Markmið 3: Ný störf skapist í þekkingargreinum og nýsköpun

Mælikvarði

Árlegur framleiðnivöxtur byggður á þekkingargreinum og nýsköpun

Markmiðið felur í sér að nýsköpun og samkeppni stuðli að vexti þekkingargreina um land allt, þ.m.t. hugverka- og tæknigreina og stuðli þannig að aukinni vergrí þjóðarframleiðslu á hvern einstakling og aukinni fjölbreytni í störfum á vinnumarkaði.

Framleiðni vinnuafis á sviði upplýsinga og fjarskipta hélt áfram að aukast milli árana 2019 og 2020, en almennt er ekki um framleiðniaukningu að ræða á þessu tímabili. <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/vinumagn-og-framleidni/framleidni-vinnuafis/>

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2020
Árangursmat á starfsemi opinberra stofnana og sjóða sem koma að nýsköpun, aðgerðaáætlun til umbóta	2019–2022	● 2019–2022 Endurskoðun á starfsemi NMÍ; frumvarp lagt fram á haustþingi um opinberan stuðning við nýsköpun sem felur m.a. í sér niðurlagningu á NMÍ og framhaldi tiltekinna verkefna undir öðru rekstrarformi. Undirbúningur að úttekt og áhrifamati á endurgreiðslum vegna R&D í samráði við FJR og undirbúningur að endurskoðun á starfsemi NSA.
Áætlun um fjármögnun sprotafyrirtækja og nýsköpunar í samstarfi stjórnvalda og einkafjárfesta	2020–2021	● Frumvarp um Kríu sprot- og nýsköpunarsjóð samþykkt á vorþingi og reglugerð þess efnis á haustþingi. Frumvarp um Stuðnings-Kríu samþykkt á vorþingi og úrræði komst til framkvæmda um mitt árið. Stóraukin framlög í Tækniþróunar-sjóð og skattafrádrátt vegna R&D og heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í vísisjóðum hækkuð í 35%.
Átaksverkefni um jafnan hlut kynja meðal frumkvöðla, fjárfesta og fyrirtækja í nýsköpun	2020–2022	● Unnin var úttekt á kynjahlutfalli styrkþega úr sjóðum ANR, m.a. TPS og meðal frumkvöðla í nýsköpun. Niðurstöður þeirrar greiningar sem og aðrar niðurstöður nýttar til aðgerða í þágu aukinnar þátttöku kvenna meðal frumkvöðla, fjárfesta og fyrirtækja í nýsköpun.
Átak um nýsköpun og tækniþróun í þágu heilbrigðis og velferðar, svo sem notkun gagnasafna og gervigreindar í þágu bættrar heilsu	2020–2022	● Átaksverkefni um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu fór af stað um mitt árið í tengslum við covid aðgerðir stjórnvalda. Unnið í samstarfi við FJR og HRN og markmið að styðja við samstarf um nýskapandi lausnir, milli frumkvöðla/sprotafyrirtækja og opinberra aðila á sviði heilbrigðisþjónustu. Þátttaka í stefnumótum í gervigreind á innlendum og norrænum vettvangi

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

14.10 Ferðapjónusta

Markmið 1: Efnahagslega sjálfbær ferðapjónusta

Mælikvarðar

Árleg aukning verðmætasköpunar í einkennandi greinum ferðapjónustu

Árleg aukning útgjalda ferðamanna

Hlutfall gistinátta á hótelum og gistiheimilum utan háannatíma á landsbyggðinni

Markmiðið fól í sér að verðmætasköpun í ferðapjónustu aukist um 1,5% að jafnaði á ári á tímabilinu, m.a. með það fyrir augum að tekjur aukist hlutfallslega umfram fjölda ferðamanna, þ.e. að útgjöld hvers ferðamanns hér á landi verði meiri. Til að stuðla að markmiðinu var m.a. gengið frá þjónustusamningi stjórnvalda við Íslandsstofu til fimm ára um starfsemi stofnunarinnar í þágu þess að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Þá var unnið að mælaborði sem sýnir með myndrænum hætti stöðu sjálfbærnisáttar Jafnvægisáss ferðamála, en hann er stjórnþæki til að meta reglulega áhrif ferðapjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag landsins.

Samkeppnismat OECD, sem tók ferðapjónustu sérstaklega fyrir, var kynnt í nóvember. Alls voru 229 mögulegar samkeppnishindranir í regluverkinu teknar til skoðunar og 121 afmarkaðar tillögur til breytinga gerðar í þeim tilgangi að draga úr reglubyrði og bæta skilyrði fyrir virka samkeppni. Í framhaldinu voru tillögurnar rýndar og fyrstu skref til laga- og reglugerðarbreytinga stigin. Jafnframt var gerður samningur við sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu um eftirlit með skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis og gengið frá þjónustusamningi við Hagstofu Íslands til þriggja ára um gerð ferðapjónustureikninga, en hún hafði legið í dvala árin 2018-2019.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur það hlutverk að veita styrki til uppbyggingar, viðhalds og verndunar ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt og til aðgerða sem stuðla að öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði. Árið 2020 fengu 33 verkefni um allt land styrki úr sjóðnum upp á alls 501.5 m.kr. Auk þess var 200 m.kr viðbótarfjármagn tryggt í sjóðinn vegna heimsfaraldurs COVID-19.

Markmið 2: Samfélagslega sjálfbær ferðaþjónusta

Mælikvarði

Viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu 1-5

Ánægja starfsfólks í ferðaþjónustu (hlutfall ánægðra)

Meðmælaskor (NPS) ferðamanna skv. landamærarannsókn

Markmiðið fól í sér að stjórnvöld fylgist reglulega með þróun viðhofs til fyrirkomulags og starfsemi ferðaþjónustu meðal landsmanna og á grunni slíkra upplýsinga, taka markvissar ákvarðanir um þróun og uppbyggingu greinarinnar.

Til að stuðla að markmiðinu var m.a. í árslok skrifað undir fyrsta samninginn um stofnun áfangastaðastofu við Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, en unnið hafði verið að því að stofna áfangastaðastofur í öllum landshlutum í tvö ár. Áfangastaðastofum er ætlað að framfylgja svæðisbundnum áfangastaðaáætlanum hvers landshluta, sem liggja fyrir. Gengið var frá þjónustusamningi til þriggja ára við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar. Samningurinn felur í sér áframhaldandi uppbyggingu á hæfni starfsmanna í íslenskri ferðaþjónustu með enn auknum stafrænum verkfærum í fræðslu sem og uppbyggingu þrepaskipts náms í samstarfi við fræðsluaðila. Áhersla verður á að ýta undir klasasamstarf fyrirtækja í ferðaþjónustu í fræðslu.

Þá voru málefni tengd álagsstýringu á ferðamannastöðum ofarlega á blaði. Unnið var að verkefninu Áfangastaðurinn Ísland sem miðar að því að undirbúa stýringu á Gullna hringnum. Verkefnið felst í að bæta talningar á ferðamönnum, setja upp ferðamannaskilti og þróa verkfærakistu sem nýta má til álagsstýringar.

Einnig var nýr göngustígur við Sólheimajökul opnaður, en unnið var að gerð hans í samstarfi við landeigendur í þeim tilgangi að bæta stýringu á svæðinu í þágu öryggis og aðgengis með bættum innviðum.

Markmið 3: Umhverfislega sjálfbær ferðaþjónusta

Mælikvarðar

Hlutfall vistvænna bíla af bílaleigubílum

Fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu sem eru með vottuð gæða- eða umhverfisstjórnunarkerfi

Markmiðið byggir á grunni Parísarsamkomulagsins. Meðal aðgerða má nefna myndarlegar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sem m.a. stafa af aukafjárveitingu vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

Þá var unnið ótúllega að framgangi verkefnisins Varða í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Vörður eru áfangastaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Meginaðdráttarafl þeirra eru náttúrufyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. Verkefnið samræmist áherslum í Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 og áherslum sem fram koma í stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða, sem gildir fyrir 2018–2029.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2020
Styðja við markaðsstofur landshlutanna og þróun þeirra	2018–2021	● Unnið að stofnun áfangastaðastofa.
Skerpa á reglum um skammtímaleigu og efla eftirlit með leyfis skyldri starfsemi	2018–2020	● Samningur um eftirlit með skammtímaleigu húsnæðis gerður við Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu.
Samkeppnismat á regluverki í ferðaþjónustu	2019–2020	● Samkeppnismati er lokið og unnið var úr tillögum árið 2020. Frumvarp hefur nú verið lagt fyrir Alþingi.
Skilgreining og uppbygging fyrirmyndaráfangastaða	2019–2023	● Unnið að verkefni í samvinnu ANR og UAR

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

15.10 Orku- og eldsneytismál

Markmið 1: Tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á almennum markaði, og þar með orkuöryggi

Mælikvarði

Hlutfall framboðs og eftirspurnar raforku með hliðsjón af orkuspá

Markmiðið byggir á því hlutverki ríkisins að tryggja að ekki séu markaðshindranir til staðar sem komi í veg fyrir að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar raforku náist með hliðsjón af orkuspá.

Markmið 2: Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands

Mælikvarðar

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í sjávarútvegi og skyldri starfsemi

Markmiðið felur í sér að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa bæði í samgöngum og haftengdri starfsemi.

Markmið 3: Jafna orkukostnað vegna dreifingar raforku og húshitunar á landsvísu

Mælikvarði

Hlutfall á jöfnun kostnaðar við húshitun á köldum svæðum og dreifingu raforku í dreifbýli

Markmiðið byggist á því að tryggja að lágmarkskröfur um afhendingaröryggi raforku gildi um allt land.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2020
Tryggja orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku með því að skýra ábyrgð og hlutverk aðila með lagabreytingu.	2020–2021	● Starfshópur ráðherra skilaði skýrslu í ágúst 2020 um orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku. Ítarleg greining og tillögur til úrbóta. Sú vinna skilaði hefur verið sett í farveg og skilaði sér m.a. inn í frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum sem lagt var fram á Alþingi í febrúar 2021.
Miðla þekkingu um mikilvægi hugverkaverndar í orkumálum.	2020–2021	● Unnið að á árinu af hálfu Hugverkastofu og Orkuklasans.
Vinna við gerð langtímaorkustefnu.	2020–2021	● Lokaskýrsla starfshóps kynnt.
Efning Orkusjóðs. Styrking Orkusjóðs er í samræmi við áform um aukin orkuskipti, áherslur á sviði nýsköpunar o.fl.	2020–2024	● Sérlæg sett um Orkusjóð og aukið fjármagn sett til hans.
Átaksverkefni í að hraða þrífösun rafmagns	2020–2024	● Sérfrjármagn 600 m.kr. sett í verkefnið á fjárlögum. Verkefni hafið.
Einföldun leyfisveitingarferla vegna framkvæmda og sérstök yfirferð á regluverki vindorku, í samstarfi við UAR	2020–2024	● Frumvarp lagt fram á haustþing, til einföldunar og aukinnar skilvirkni.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Markmið 1: Bætt samkeppnishæfni, aukið gagnsæi og skilvirkni


Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Framkvæmt 2020
Einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífs	2020–2021	● Frv. FIN-ráðherra um breytingar á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki samþykkt sem lög nr. 27/2021.
Framkvæma samkeppnismat í samvinnu við OECD	2020–2021	● Lokaskýrsla OECD kom út í nóvember 2020.
Móta tillögur um framkvæmd samkeppnismats við undirbúning lagasetningar	2020–2023	● Í vinnslu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn

Á myndinni má sjá yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaáttum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins 2020 að viðbættum yfirfærðum höfuðstól frá árinu 2019.



Fjárhæðir í milljónum króna

Fréttannaáall 2020 (janúar–maí)

22. janúar

Gagnaöflun og rannsóknir í ferðabjónustu fest í reglugerð [Nánar >](#)

5. febrúar

Samkeppnishæfni stóriðju könnuð í fyrsta sinn [Nánar >](#)



7. febrúar

Milljarði varið í fjárfestingar vegna innviða fyrir orkuskipti á tveimur árum [Nánar >](#)



28. febrúar

Leyfisveitingar vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku verði einfaldaðar [Nánar >](#)

28. febrúar

Jarðstrengjavæðingu dreifikerfis raforku verði flýtt um áratug [Nánar >](#)

27. febrúar

Styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2020 [Nánar >](#)

26. febrúar

Ráðherra leggur fram breytingar á samkeppnislögum [Nánar >](#)

25. febrúar

Ráðherra kynnir áform um að leggja niður NMÍ [Nánar >](#)

9. mars

1,5 milljarði veitt til innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum [Nánar >](#)



13. mars

Isavia fellir tímabundið niður notendagjöld á Keflavíkurflugvelli [Nánar >](#)

20. mars

Kría í samráðsgátt [Nánar >](#)

21. mars

4,6 milljarðar til ferðabjónustunnar auk almennra aðgerða [Nánar >](#)

21. apríl

Öflugar aðgerðir í þágu nýsköpunar í aðgerðarpakka tvö [Nánar >](#)

20. apríl

Viðbótarúthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða [Nánar >](#)

7. apríl

100 m.kr í flýtingu lagningu dreifikerfis raforku í jörðu [Nánar >](#)

23. mars

Áhrif COVID-19 á pakkaferðir



24. apríl

Íslenskt- gjörið svo vel: Sameiginlegt átak stjórnvalda og atvinnulífsins



22. maí

Frumvarp um ferðagjöf kynnt í ríkisstjórn



27. maí

Orkumálaráðherrar: Græn orka á að knýja endurreisn eftir COVID-19

Fréttannaáall 2020 (júní–október)

19. júní

Ferðagjöfin afhent Íslendingum



3. júlí

Stuðnings - Kría hefur sig til flugs [Nánar >](#)



15. júlí

Bjóða fólki um allan heim að losa um streitu á Íslandi

9. september

Íslenskt – láttu það ganga




6. september

Norðurland fær Demantshring

17. júlí

Ferðaábyrgðasjóður – endurgreiðslur til neytenda vegna pakkaferða



14. september

Tillögum skilað um hvernig tryggja megi framboð á raforku til almennings [Nánar >](#)



23. september

26 nýsköpunarfyrirtæki fá lán frá Stuðnings – Kríu




28. september

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði lögð niður.

5. október

Samán í tónlistarsókn



2. október

Orkustefna til 2050: Skýr framtíðarsýn um sjálfbæra orkuframtíð [Nánar >](#)




2. október

Aukin framlög til jöfnunar dreifikostnaðar raforku, þrífösunar og úrbóta á varaafli


23. október

Þórdís Kolbrún á fundi viðskiptaráðherra innan EES: „Samkeppni er hvati nýsköpunar“



27. október

Erlendir sérfræðingar geti unnið í fjarvinnu á Íslandi [Nánar >](#)



28. október

Tekjufallsstyrkir til ferðaþjónustunnar áætlaðir allt að 3,5 milljarðar króna [Nánar >](#)

Fréttannaáall 2020 (október–desember)

28. Október

Sviðsmyndagreining um ferðapjónustu

10. nóvember

Samkeppnismat OECD á íslenski ferðapjónustu og byggingar-iðnaði: 438 tillögur til úrbóta [Nánar >](#)



13. nóvember

Úttekt á samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi með tilliti til raforkukostnaðar [Nánar >](#)

18. nóvember

Nordic Smart Government: Verðmætasköpun með stafrænum lausnum

25. nóvember

Endurnýjun þjónustusamnings við Hæfnisetur ferðapjónustunnar



20. nóvember

Klasastefna í mótun [Nánar >](#)

18. nóvember

Controlant hlýtur Nýsköpunarverðlaun Íslands 2020



25. nóvember

Upplýsingasíða um lögverndun starfsgreina og starfsheita [Nánar >](#)

25. nóvember

Bætt aðstaða við Sólheimajökul í þágu öryggis og stýringar



14. desember

Verkefni Efnagreininga flytjast til Hafrannsóknastofnunar [Nánar >](#)

16. desember

Orkuskipti 2020 – úthlutun styrkja úr Orkusjóði [Nánar >](#)

21. desember

Undirrituðu samstarfssamning um stofnun fyrstu áfangastaðastofunnar [Nánar >](#)



